

Fundargerð

21. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum
11. apríl 2024 klukkan 10.30 í gegnum Teams fjarfundarbúnað

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Friðfinnur Skaftason (FS), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Hjalti Jón Guðmundsson (HJG) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), og Guðrún Jensdóttir (GJ) sem ritaði fundargerð.

Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) var fjarverandi. HJG var viðstaddur lið 1 2. (að hluta) og 3. lið

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fréttir að Vestan af málefnum strandsvæðisskipulags.

Fulltrúar svæðisráð gerðu grein fyrir fréttum að Vestan, um framkvæmd skipulagsins og fleira.

2. Staðbundin nýting við Sandeyri, bréf Katrínar Oddsdóttur lögmanns Gunnars Haukssonar vegna legu netlaga, vitageira Óshólavita og útgáfu leyfa.

EAÁ gerði grein fyrir bréfi Katrínar Oddsdóttur lögmanns Gunnars Haukssonar, landeiganda að Sandeyri, vegna legu netlaga, vitageira Óshólavita og útgáfu leyfa, ásamt afstöðu Skipulagsstofnunar vegna ofangreindra atriða.

Svæðisráð telur ekki þörf á frekari aðgerðum í þessu máli að sinni.

3. Framfylgd á áherslu um samræmda vöktun á strandsvæðum.

Í kafla 7.2 í staðfestu strandsvæðisskipulagi er lögð áhersla á umhverfisvöktun, og að undirbyggja þurfi „samræmda áætlun um rannsóknir og reglulega vöktun lykilbreyta til að treysta í framkvæmd vistkerfisnálgun á skipulagssvæðinu og tryggja jafnframt framkvæmd áætlunarinnar [...]“

HJG greindi frá stöðu um frumvarp til laga um lagareldi m.t.t. vaktanir og rannsóknir stofnana. Hafró skuli meðal annars árlega gera grein fyrir niðurstöðum sinnar vöktunar.

Ákveðið er að senda bréf til þeirra stofnana sem þetta ákvæði varðar til að minna á áherslu strandsvæðisskipulagsins um heildstæða vöktun. Hlutaðeigandi stofnanir eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun og Umhverfisstofnun.

4. Mótvægisáðgerðir vegna vitageira - staða mála.

Rætt um stöðu ferla vegna mótvægisáðgerða varðandi vitageira og minnisblað Vegagerðar dags. 17. janúar 2024, um áhættumat siglinga. Vegagerðin metur, á grundvelli áhættumats, hvort og hvaða mótvægisáðgerðir séu nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi siglinga, og

kostnaðarmetur þær mótvægisáðgerðir sem fela í sér ný eða breytt leiðarmerki. Kostnaður vegna breytinga fellur á umsækjanda.

Svæðisráð ákveður að senda bréf til innviðaráðuneytis til að minna á framfylgd mótvægisáðgerða sem lagðar voru fram í vinnu starfshóps um öryggi siglinga.

5. Önnur mál.

MJ ræðir um tíðni funda svæðisráðs, en reglugerð kveður á um að funda þurfi að jafnaði eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Skipuleggja þurfi efni þeirra funda.

Efni næsta funda geti verið eftirfarandi:

- Vöktun og framfylgd strandsvæðisskipulags.
- Umræður um endurskoðun laga um skipulag haf- og strandsvæða. Svæðisráð skoði veikleika og hvaða lærdóm megi draga af fyrri vinnu og hvort þörf sé á úrbótum.

Stefnt verður að næsta fundi svæðisráðs aðra vikuna í júní.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki rætt. Fundi var slitið kl. 12:00.